



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

17 Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

Tel: (+354) 591 2000  
Fax: (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 15. janúar 2008  
Tilvísun: UST20080100021/bs

**Umsagnarbeiðni. Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði. Uppbygging á vegi frá Egilsskarði að sæluhúsi.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 4. janúar 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða veglagningu á um 4,5 km kafla á Fróðárheiði frá Egilsskarði norðurfyrir Sæluhús í Miðfellsdal.

Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar í sama vegstæði. Nýr vegur liggar á nokkrum stöðum utan núverandi vegsvæðis. Austurmörk svæðis nr. 223 á náttúrumuinjaskrá miðast við núverandi veg um Fróðárheiði. Sú tilfærsla vegar sem framkvæmdinin fylgir rýrir ekki gildi svæðis nr. 223 á náttúrumuinjaskrá. Gróður á núverandi vegsvæði ber þess merki að sáð hefur verið í röskuð svæði. Utan vegsvæðis er gróður strjáll og einkennist af mosa og túnvingli.

Efnistaka verður að mestu úr skeringum nánast samfellt meðfram öllum veginum. Þessi efnistaka mun hafa töluverð sjónræn áhrif í för með sér, en draga má verulega úr þeim ef þess verður gætt að fella skeringar að óröskuðu landi. Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjarlægja þá búta af núverandi vegi sem verða utan við fyrirhugaðan veg.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst  
*Björn Stefansson*  
Björn Stefansson

*Guðrún Þorvarðardóttir*  
Guðrún Þorvarðardóttir